



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2021
R20110234
3506

Borgarráð

Erindisbréf - Starfshópur um skipulags- og uppbyggingarmál Þróttar og Ármanns

Hjálagt erindisbréf starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál Þróttar og Ármanns er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um skipulags- og uppbyggingarmál Þróttar og Ármanns, drög.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um skipulags- og uppbyggingarmál Þróttar og Ármanns

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að annast samstarf og útfærslu verkefna Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal á grundvelli viljayfirlýsingar aðila.

Helstu verkefni:

A) Undirbúningur og framkvæmd vegna gervigrasvalla á vegum Þróttar

- Að skoða hvernig hægt er að hraða endurnýjun gervigrass á aðalvelli Þróttar og gerð nýs gervigrasvallar á æfingasvæði Þróttar austan Laugardalsvallar.
- Skoða nýtingu á kastsvæði og þríhyrningi, í tengslum við framtíðarstaðsetningu frjálsíþróttavallar og gervigrasvalla og deiliskipulagsbreytingu.
- Að skoða nýtingu á kastsvæði með tilliti til þess að þar geti orðið grasæfingasvæði í framtíðinni.
- Að gera tillögu og undirbúa deiliskiplagsbreytingu á ofangreindum svæðum eftir þörfum.
- Ofangreindum þáttum verði lokið eigi síðar en 30. apríl 2021.

B) Undirbúningur og skipulag vegna uppbyggingar inniaðstöðu fyrir Þrótt og Ármann í Laugardal.

- Að ljúka gerð þarfagreiningar vegna íþróttahúss fyrir íþróttafélög og skóla í Laugardal og þarfagreiningu vegna Laugardalshallar.
- Að kanna grundvöll fyrir nauðsynlegar endurbætur og breytingar á Laugardalshöll og skoða aðkomuleiðir frá Laugardalshöll að keppnis- og æfingavöllum Þróttar ef Höllin á að nýtast sem íþróttahús félaganna og félagsaðstaða Þróttar.
- Að gera nýtingaráætlun fyrir æfingar í Laugardalshöll og aðra íþróttáðstöðu sem skólar í Laugardal nýta og meta þarfagreiningu íþróttahúss m.t.t. hugsanlegrar nýtingar Laugardalshallar fyrir íþróttastarf á vegum félaganna, svo sem í handknattleik, blaki og körfuknattleik
- Að undirbúa nauðsynlegar deiliskipulagsbreytingar byggðar á hugmyndum félaganna um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal.
- Að vinna kynningaráætlun fyrir hagsmunaaðila vegna uppbyggingarhugmyndanna.
- Að gera tillögur um samstarf við skóla og aðra aðila um nýtingu fyrirhugaðra mannvirkja.
- Að vera til ráðgjafar varðandi framkvæmdir við gervigrasvelli (fulltrúar USK, ÍTR og Þróttar)
- Að vinna með starfshópi sem vinnur að heildarskipulagi og deiliskipulagi fyrir Laugardalinn byggðu á hugmyndum félaganna um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal svo sem nýs íþróttahúss og gervigrasvalla
- Að vinna að öðrum þáttum er tengst geta skipulags- og uppbyggingamálum félaganna í Laugardal.

Starfshópurinn skipa fulltrúar frá:

Eignaskrifstofu
Íþrótt- og tómstundasviði
Umhverfis- og skipulagssviði
Knattspyrnufélaginu Þrótti
Glímufélaginu Ármanni
Skóla- og frístundasviði
Íþróttabandalagi Reykjavíkur

Starfsmaður:

Starfsmenn eignaskrifstofu, íþrótt- og tómstundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs eftir atvikum og vinnu hópsins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 1. desember 2021, en geri grein fyrir framvindu mála á starfstíma hópsins í samræmi við dagsetningar. (Starfshópurinn skipti með sér verkefnum eftir mismunandi tengingu við einstaka verkefni og félögin.)

Reykjavík, febrúar 2021.

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri

Knattspyrnufélagið Þróttur
formaður

Glímufélagið Ármann
formaður